



## Fundur háskólaráðs 17. mars 2005

### Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir  
Staða: Lokið

### Dagsetningar:

Búið til: 14.03.2005  
Dags: 17.03.2005

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

05/2005

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 17. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Inga Jóna Þórðardóttir, Bryndís Harðardóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Vilhjálmur Árnason, Jón Ó. Skarphéðinsson, Jóhannes R. Sveinsson og Mattías Imsland.

### 1. Mál til fróðleiks

1.1 Handbók um skjalagerð í Háskóla Íslands.

1.2 Skipulagsskrá fyrir Háskólasetur Vestfjarða, dags. 12. mars 2005.

1.3 Ályktun stjórnar Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, varðandi fyrirhugaðan flutning starfseminnar í Vatnsmýri.

1.4 Skýrsla um „Gildi og gagnsemi náms í Háskóla Íslands“, unnin af Félagsvísindastofnun 2004 og skýrsla um „Rannsókn á viðhorfi og væntingum nýnema við Háskóla Íslands haustið 2004“, unnin af markaðs- og samskiptadeild.

### 2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Skipun starfshóps um undirbúning meistaranáms í lýðheilsufræði, sbr. umræðu á fundi ráðsins 27. janúar sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að starfshópurinn verði skipaður eftirtöldum:

Ásta Thoroddsen, dósent í hjúkrunarfræði og formaður námsstjórnar í upplýsingatækni á heilbrigðissviði. (Varamaður Ástu: Anna Birna Almarsdóttir, dósent í lyfjafræðideild og fulltrúi í námsstjórn í upplýsingatækni á heilbrigðissviði.

Geir Gunnlaugsson, formaður Félags um lýðheilsu,

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, lektor í félagsvísindadeild,

Kristján Erlendsson, dósent í læknadeild,

Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í hjúkrunarfærði, formaður starfshópsins.

Starfshópnum er ætlað að undirbúa námið og gera tillögu til háskólaráðs um skipulag þess, innihald og fjármögnun. Gert er ráð fyrir því að námið hefjist í ársbyrjun 2006. Starfshópurinn skal skila tillögu til háskólaráðs fyrir 1. maí nk.

2.2 Tillögur um veitingu akademískra nafnbóta til starfsmanna LSH.

- Samþykkt einróma að veita eftirtöldum starfsmönnum LSH akademískar

nafnbætur:

Árni Jón Geirsson, klínískur dósent  
Engilbert Sigurðsson, klínískur dósent  
Hróðmar Helgason, klínískur dósent  
Jón Snædal, klínískur dósent  
Margrét Birna Andrésdóttir, klínískur dósent  
Ólafur Kjartansson, klínískur dósent  
Páll Helgi Möller, klínískur dósent  
Rósa Björk Barkardóttir, klínískur dósent  
Sigurveig Þ. Sigurðardóttir, klínískur dósent  
Þórólfur Guðnason, klínískur dósent

Einnig var samþykkt að veita eftirtöldum starfsmönnum LSH akademískar nafnbætur með fyrirvara um væntanlegt samþykki læknadeildar:

Aðalgeir Arason, klínískur dósent  
Margrét Árnadóttir, klínískur dósent  
Þórður Þórkelsson, klínískur dósent.

2.3 Skipan vinnumatsnefndar Háskólans fyrir árið 2005, sbr. 77. gr. reglna H.Í. nr. 458/2000.

Málið var rætt. Rektor falið að ganga frá skipun nefndarinnar.

2.4 Tillaga viðskipta- og hagfræðideildar að breytingu á 96. gr. reglna Háskólans nr. 458/2000, samþykkt á deildarfundi 28. janúar sl. Varðar meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að óska eftir umsögn kennslumálanefndar fyrir næsta fund ráðsins.

2.5 Tillaga raunvísindadeildar að breytingu á 117. gr. reglna H.Í. nr. 458/2000, sbr. fund ráðsins 24. febrúar sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Tillaga raunvísindadeildar samþykkt einróma.

### **3. Mál á auglýstri dagskrá**

3.1 Meðferð persónugreinanlegra upplýsinga innan H.Í. Minnisblað lagt fram á fundinum.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Samþykkt einróma að óska eftir því við Siðfræðistofnun og Lagastofnun að stofnanirnar fari yfir málið og gefi háskólaráði umsögn um það. Jafnframt verði haft samráð við námsráðgjöf um málið.

3.2 Drög að verklagsreglum um námsleyfi og orlof annarra en kennara og sérfræðinga, sbr. fund háskólaráðs 4. nóvember 2004 og 10. febrúar 2005.

Málið var rætt og var því frestað.

3.3 Nám í geislafræði og lífeindafræði í læknadeild. Skipulag 1. námsárs, fyrirkomulag inntöku nemenda háskólaárið 2005-2006 og tillaga um fjölda þeirra sem fá að halda áfram námi að loknum samkeppnisprófum í desember.

Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Framlögð tillaga um fyrirkomulag inntöku nemenda í geislafræði og lífeindafræði og tillaga um fjölda þeirra sem fá að halda áfram námi í samkeppnisprófum í desember samþykkt einróma. Hugað verði sérstaklega að kostnaði vegna kennslu

á haustmisseri 2005 í aðdraganda samkeppnisprófa. Hámarksfjöldi nemenda verði 15 í lífeindafræði og 10 í geislafræði.

3.4 Drög að reglum um stofnun um sjálfbæra þróun og vettvang þverfaglegra rannsókna.  
- Frestað.

3.5 Fjárveiting til stofnana og verkefna, sbr. síðasta fund. [Sjávarútvegsstofnun, Umhverfisstofnun, Siðfræðistofnun, Alþjóðamálastofnun, Rannsóknastofa um mannlegt atferli].

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að stofnanirnar fái að svo stöddu sem nemur helmingi af þeirri fjárhæð sem fjármálanefnd gerði tillögu um fyrir árið 2005. Málið verður áfram á dagskrá.

#### 4. Önnur mál.

4.1 Framtíðarstaðsetning Háskólans í Reykjavík í tengslum við áformaða uppbyggingu Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni.

Rektor vakti máls á tilboði Reykjavíkurborgar til Háskólans í Reykjavík um byggingarlóð í Öskjuhlíð.

Málið var rætt ítarlega.

4.2 Bókanir H.Í. og Fh 28. febrúar vegna brottfalls greina úr miðlægum kjarasamningi.

Guðmundur R. Jónsson, formaður samráðsnefndar um kjaramál, og Jóhannes R. Sveinsson, fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora, greindu frá því að breyta þyrfti orðalagi bókunar frá fundi háskólaráðs 8. mars sl.

- Samþykkt einróma. Gengið verður frá bókuninni í samráði við rektor.

Fleira var ekki gert.  
Fundir slitið kl. 14.30